

Ed.

696. Frumvarp til laga

[332. mál]

um breyting á lögum nr. 28/1976 um Búnaðarbanka Íslands, sbr. lög nr. 39/1983 um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983—84.)

1. gr.

1. ml. 8. gr. laganna orðist svo:

Yfirstjórn bankans er í höndum ráðherra þess sem fer með bankamál.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Að undanfögnu hefur verið unnið að heildarendurskoðun löggjafar um bankakerfið og hefur bankamálanefnd skilað tillögum sínum. Meðal þess sem nefndin leggur til er að yfirstjórn bankamála verði sameinuð í einu ráðuneyti og er það í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 26. maí 1983. Ljóst er hins vegar að ekki vinnst tími til að fá samþykka nýja löggjöf um málefni banka og sparisjóða á þessu þingi. Vegna mikilvægis framangreinds stefnuatriðis fyrir framvindu málsins í heild er því nauðsynlegt að flytja þetta frumvarp, en það felur í sér að yfirstjórn Búnaðarbanka Íslands verði framvegis í höndum ráðherra þess sem fer með bankamál, en landbúnaðarráðherra fer nú með yfirstjórn bankans, sbr. lög nr. 28/1976 og reglugerð nr. 96/1969 um Stjórnarráð Íslands. Samkvæmt reglugerðinni hefur viðskiptaráðherra með höndum yfirstjórn hinna ríkisviðskiptabankanna, Landsbankans og Útvegsbankans. Einnig falla undir hann mál er varða hlutafélagsbankana, að Iðnaðarbankanum undanskildum. Iðnaðarráðherra fer með málefni þess banka.

Samhliða þessu frumvarpi er flutt frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 113/1951, sbr. lög nr. 31/1963, um stofnun og rekstur Iðnaðarbanka Íslands hf. Miðar það einnig að því að færa þau mál er iðnaðarráðherra fer með samkvæmt þeim lögum í hendur þess ráðherra er fer með bankamálin.

Kostir þess að allir viðskiptabankarnir heyri undir sama ráðherra eru augljósir. Reyndar má segja að önnur skipan mála sé ekki eðlileg. Séu bankarnir undir sama ráðherra tryggir það samræmdari afstöðu stjórnvalda gagnvart bönkunum en verið hefur. Núverandi skipan mála er t. d. af ýmsum talin eiga sinn þátt í örri fjölgun bankaútibúa á undanfögnu árum. Þá er þessi breyting til þess fallin að yta undir þau viðhorf að hver viðskiptabanki skuli sinna atvinnulífinu í heild en sé ekki bundinn að verulegu leyti af þjónustu við tiltekna atvinnugrein, atvinnurekstur eða hagsmunahóp.

Þess má geta að með tillögum bankamálanefndar fylgdi bókun um sameiningu og fækkun viðskiptabanka. Í bókuninni kemur fram að nefndin er sammála um að sameining viðskiptabanka væri til mikilla hagsbóta. Í því sambandi er bent á að sú stækkun banka sem leiða myndi af sameiningu yrði til þess að þjónusta þeirra við atvinnulífið myndi batna, sparnaður í bankarekstri ykist og jafnari dreifing yrði milli banka á útlánum til atvinnuvega, svo og á landfræðilegri dreifingu útlána. Þá segir í bókuninni að meirihluti nefndarinnar sé þeirrar skoðunar að það myndi flýta sameiningu og fækkun viðskiptabanka, ef viðskiptaráðherra hefði forgöngu um tæknilega útfærslu sameiningar sem leggja mætti fyrir Alþingi í frumvarpsformi á næsta þingi. Frumvarp þetta og frumvarp til laga um breyting á lögum nr.

113/1951 um Iðnaðarbanka Íslands tengjast því máli. Frumvörp til laga um Seðlabanka Íslands, viðskiptabanka og sparisjóði verða hins vegar lögð fyrir Alþingi í upphafi næsta þings.

Að lokum skal þess getið að Stofnlánadeild landbúnaðarins sem starfar á grundvelli laga nr. 45/1971 ásamt síðari breytingum lýtur nú yfirstjórn landbúnaðarráðherra. Frumvarp þetta gerir ekki ráð fyrir að hér verði breyting á. Á hinn bóginn mun veðdeild Búnaðarbankans sem starfar samkvæmt lögum nr. 34/1979 falla undir yfirstjórn þess ráðherra sem fer með bankamál, sbr. aðrar veðdeildir. Leiðir það af orðalagi 1. gr. frumvarpsins.

Frumvarpið er flutt af forsætisráðherra þar sem það varðar lagaákvæði um starfssvið tveggja ráðherra og er forsenda breytinga á reglugerðinni um Stjórnarráð Íslands nr. 96/1969 (sjá Stjórnartíðindi A 18 1969), sem gera verður til samræmis við efni frumvarpsins.